

**Árþing Ungmenna- og íþróttasambands Fjallabyggðar var haldið
fimmtudaginn 22. maí 2014 að Hóli, Siglufirði og hófst það kl. 18:00.**

Dagskráin þingsins er eftirfarandi, sbr. 13. gr. laga UÍF:

1. Formaður UÍF setur þingið.
2. Kosning þingforseta og þingritara.
3. Kosning 3ja manna kjörbréfanefndar.
4. Álit kjörbréfanefndar.
5. Lögð fram árskýrsla stjórnar svo og skoðaðir reikningar seinasta árs.
6. Umræður um ársskýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykktar.
7. Ávörp gesta.
8. Kosning þingnefnda: kjörnefnd (3), allsherjar- og laganefnd (5) og fjárhagsnefnd (3)
9. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
10. Tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar lagðar fram og vísað til nefnda.
11. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.

ÞINGHLÉ

12. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla.
13. Kosningar. Álit kjörnefndar
14. Kosning stjórnar, sbr. 16. grein. Skal formaður kosinn sér, en hina í einu lagi. Stjórnin skiptir með sér verkum, í þau störf er um getur í 16. grein.
15. Kosning skoðunarmanna, (tveir aðalmenn og tveir varamenn).
16. Önnur mál.
17. Þingslit.

Þingögn samanstóðu af skýrslu og ársreikningi UÍF, lögum UÍF auk ársskýrslna og ársreikningum frá aðildarfélögum UÍF.

Fundargerð

1. Formaður UÍF, Guðný Helgadóttir setti þingið; og bauð alla velkomna á 5. árþing UÍF. Hún afhjúpaði ræðupúlt sem Byggingafélagið Berg gaf UÍF. Einnig bauð hún Sæmund Runólfsson framkvæmastjóra UMFÍ og Jón Kristján Sigurðsson kynningarfulltrúa UMFÍ sérstaklega velkomna. Jafnframt skilaði hún kveðju frá Viðari Sigurjónssyni frá ÍSÍ. Guðný bað gesti að rísa úr sæti og minnst x sem lést á árinu en hann hafði verið mjög virkur hjá íþróttahreyfingunni.

Guðný fór yfir verkefni UÍF á árinu svo og verkefni síðstu fimm ára. Hún gladdist yfir góðri þingsókn og vonaðist eftir uppbyggilegum skoðanaskiptum. Setti hún 5. þing UÍF.

2. Kosning þingforseta og þingritara.

Stungið var upp á Sigurði Hlöðverssyni sem þingforseta og Brynju Ingunni Hafsteinsdóttur sem þingrita. Það var samþykkt einróma.

Þingforseti tók þá til máls, þakkaði traustið og bauð gesti velkomna.

3. Kosning 3ja manna kjörbréfanefndar.

Stungið var upp á Maríu Jóhannsdóttur TBS og að með henni í nefndinni yrðu Guðrún Árnasóttir Snerpu og Rósa Jónsdóttir frá GÓ.

Það var samþykkt einróma.

4. Álit kjörbréfanefndar.

Á meðan kjörbréfanefnd fór yfir kjörbréfin kynnti þingið sér gögn þingsins.

Þá kynnti María formaður kjörbréfanefndar álit sitt.

Af 39 skráðum fulltrúum samkvæmt kjörbréfum voru 25 mættir. Kjörbréfnefndin sá ekkert athugasvert við kjörbréfin og telur þau gild.

5. Lögð fram ársskýrsla stjórnar og skoðaðir reikningar síðasta árs.

Þórarinn Hannesson stjórnarmaður UÍF las upp skýrslu stjórnar. Hann sagði frá skipun stjórnar og fór í stuttu máli yfir störf stjórnar, hvaða verkefni væru framundan og hverju væri lokið. Hann fór yfir þau stóru mál sem stjórnin hefur unnið að og lokið. Stjórnarfundir voru 24 auk vinnufunda. Hann sagði frá Verkefnasjóð og úthlutunum úr honum. Ekki féllu allar umsóknir undir reglur sjóðsins og mun stjórn UÍF endurskoða þær til að rýmka þær. Vinna við fyrirmyndarfélag ÍSÍ hélt áfram og fengu tvö aðildarfélög gæðaviðurkenningu ÍSÍ og veitti UÍF félögunum 100.000 kr. styrk. Aladín var endanlega slitið og greiddi UÍF þann kostnað sem varð vegna endanlegra slita. Neon hefur síðan aðstöðu í húsnæðinu en UÍF hefur enn þá skrifstofu. Bæklingur var gefin út um UÍF og aðildarfélög og hefur honum verið vel tekið. UMFÍ styrkti útgáfu bæklingins.

Tveir formannafundir voru haldnir og var dagskrá hefðbundin. Vetrarleikar voru kynntir, fyrirmyndarfélög svo og aðstaðan að Hóli eftir brunann. UMFÍ var líka með gagnlega kynningu á seinni formannafundinum. Fundirnir eru ganglegir og hafa aukið upplýsingaflæði innan íþróttahreyfingarinnar.

Íþróttamaður Fjallabyggðar var einnig valinn og var athöfnin hin glæsilegasta enda nokkrar breytingar gerðar á viðburðinum. Sævar Birgisson var síðan valin.

Sagði Þórarinn frá endurgerð á heimasíðu UÍF og að Kristinn Reimarsson hafi tekið það að sér. Vetrarleikar voru haldnir í þriðja sinn og voru leikarnir í 9 daga og tókust þeir vel enda þótt veðrið hafi sett strik í reikninginn. Stjórnin hefur einnig hugað að almennri hreyfingu íbúanna m.a. með fjölskyldan og fjallið svo og ganga.is. Það eru gönguleiðir upp á Sútur Siglufirði og Hlassið á Ólafsfirði. Gestabækur eru á hvoru „fjalli“ og geta göngumenn skráð sig í hana. Skýrsluskil hafa verið sérstaklega góð og höfðu öll félög skilað á réttum tíma.

Málþing um íþróttamál var haldið ásamt frambjóðendum til sveitastjórnarkosninga og þótti öllum þáttakendum málþingið mjög gagnlegt.

Þórarinn sagði frá uppbyggingunni að Hóli bæði fyrir og eftir brunann. Eftir brunann var ákveðið að setja íbúðarhúsið í forgang hvað varðar endurbætur. Aðildarfélögin stóðu að því að þrifa og ganga frá fyrir smíðavinnu og mátti þannig spara mikla fjármuni sem nýttust í uppbygginguna. Ýmislegt var endurnýjað s.s. gólfefni, hitaveita var lögð í húsið og vaktað brunakerfi. Guðný stóð í stappi við tryggingfélagið og hefur fylgt því fast eftir að skemmdirnar að Hóli séu bættar að fullu.

Að lokum þakkaði Þórarinn aðildarfélögunum fyrir gott samstarf svo og öllum félagsmönnum.

Sigurður Gunnarsson gjaldkeri UÍF gerði grein fyrir ársreikningi UÍF

Rekstrartekjur UÍF voru: 29.750.902 kr.

Rekstrargjöld voru: kr.

Fjármunatekjur voru: kr.

Hagnaður ársins var: kr.

Varanlegir rekstrarfjármunir voru: kr.

Veltufjármunir voru: kr.

Eigið fé var: kr.

Skammtímaskuldir voru: kr.

Eigið fé var: 44.475.863 kr.

6. Umræður um ársskýrslu og reikninga fóru fram og voru svo lagðir fram til samþykktar.

Forseti gaf orðið laust um reikninga og skýrslu UÍF. Ármann óskaði eftir upplýsingum um laun starfsmanns og var honum bent á að hann væri annars skrifstofukostnaður. Ársreikningur UÍF lagðir fram til samþykktar. Var hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

7. Ávörp gesta.

Friðrik Einarsson framkvæmdastjórn ÍSÍ Hann færði þingingu kveðju stjórnar og forseta ÍSÍ og þeirra Siglfirðinga sem þar sitja. Hann þakkaði fyrir greinargóða skýrslu stjórnar og finnst starf stjórnar metnaðarfullt og gefur sér að það sama eigi við um störf aðildarfélaga. Finnst ánægjulegt að mikill metnaður sé lagður í fyrirmyndarfélög og að UÍF styrki þau félög sem ná þeim titli. Vildi sjá frekari umbun fyrir þann titil. Starfsskýrsluskil voru til fyrirmyndar og þakkaði hann kærlega fyrir það. Fjárhagur UÍF er góður þrátt fyrir brunann og reksturinn góður og UÍF til sóma. Hvatti alla til að taka þátt í lottó og auglýsa það t.d. vel á heimasíðum aðildarfélaga. Óskaði þinginu til hamingju með ólympíufarann Sævar Birgisson. Hvatti UÍF til að fá Sævar til að vera með fyrirlestur um markmiðssetningu og undirbúning fyrir stóra leika eins og ólympíuleika. Hann hvatti félögin til að nýta sér krafta Viðars hjá ÍSÍ. Hann mun koma og veita þá aðstoð sem þarf. Loks minntist hann á smáþjóðaleikana sem verða á Íslandi næsta vor, júní 2015, eru um 9 þjóðir sem koma eða um 1000 keppendur. Íslendingar hafa staðið sig vel á þessum leikum. Nú verður keppt í fyrsta skiptið í golfi. Það vantar mikið af sjálfbóðaliðum til að vinna að leikunum. Auglýst verður eftir þeim strax í haust og benti hann því til þingsins og annarra á landsbyggðinni að láta vita af þeim sem áhuga hafa á að taka þátt. Er skemmtilegt verkefni og þáttakendur reynslunni ríkari eftir svona leika. Hann þakkaði fyrir gott samstarf og væntir góðs samstarfs á komandi árum.

Sæmundur Runólsson framkvæmdastjóri UMFÍ. Hann skilaði góðri kveðju frá stjórn UMFÍ. Hann óskaði UÍF til hamingju með afmælið og sagði frá að halda mætti upp á marga afmælisdaga, bæði sameinaðsfélags svo og þeirra sem komu að félaginu. Hann taldi fjármálastjórn UÍF ábyrga og væri gaman að sjá að til eru peningar en ekki skuldir.

Hann heiðraði Helgu Hermannsdóttir og Kristján Hauksson fyrir sín störf. Helga hefur unnið fyrir Snerpu fyrir störf sín með eldri borgurum. Helga hlaut starfsmerki UMFÍ. Hann færði UÍF einnig gjöf í tilefni afmælisins. Skjöldur þar sem á er letruð afmæliskveðja. Guðný þakkaði fyrir gjöfina og hlý orð í garð UÍF.

Sæmundur sagði frá störfum UMFÍ. Hann sagði frá ráðstefnunni ungt fólk og lýðræði svo og norrænu samstarfi. Landsmóti 50 og unglíngalandsmóti en þau eru bæði fyrir norðan. Hann hvatti þingfulltrúa til að hafa samband eða koma í þjónustumiðstöð UMFÍ.

8. Kosning þingnefnda.

Forseti óskaði eftir tillögum um þrjá aðila í kjörnefnd. Lagt er til að Friðrik Steinar Svavarson KF, Ármann Sigurðsson Skotfélagi Ólafsfjarðar og Björg Traustadóttir GÓ taki sér nefndarstörf og var það samþykkt samhljóða.

9. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Sigurður Gunnarsson gjaldkeri kynnti fjárhagsáætlunina og fór yfir hana lið fyrir lið. Tekjur verða alls 19.920.000 kr. og gjöld verða samtals 19.900.000 kr. Tekjuafgangur kr. 20.000.

10. Tillögur og önnur máls sem borist hafa til stjórnar.

Engar tillögur bárust til stjórnar.

11. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.

Stjórn UÍF lagði fram tillögur að breytingum á lögum UÍF. Tillögurnar fela ekki í sér efnisbreytingar. Guðný fór yfir tillögur stjórnar að breytingum og voru breytingarnar samþykktar samhljóða.

Þinghlé. Í þinghlé voru veitingar í boði UÍF.

12. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla.

Engin nefnd var að störfum nema kjörnefnd.

13. Kosningar, álit kjörnefndar

Kosning formanns; Tilnefningar komu fram um Guðný Helgadóttir og komu engin mótframboð. Var hún kosin einróma og telst rétt kjörinn formaður.

Þeir sem voru í framboði til stjórnarkjörs kynntu sig. Kosið var um tvo aðalmenn og tvo til vara. Merkt var við fjóra einstaklinga á kjörseðli. Þá voru greidd atkvæði og kjörnefnd tók til starfa.

14. Kosning stjórnar, sbr 16. grein laga UÍF

Atkvæði í stjórn UÍF voru eftirfarandi:

Sigurður Gunnarsson með 24 atkvæði

Sigurpáll Gunnarsson með 22 atkvæði

Óskar Þórðarson með 13 atkvæði

Ragnheiður Ragnarsdóttir með 11 atkvæði

Ásgeir Pálmason með 8 atkvæði

Sigríður Karlsdóttir með 5 atkvæði

Rúnar Marteinnsson með 3 atkvæði

Ingólfur Frímansson með 2 atkvæði

Ásgeir Bjarnason með 1 atkvæði

15. Kosning skoðunarmanna.

Lögð er fram tillaga um Ármann Sigurðsson og Þorgeir Bjarnason. Það er samþykkt samhljóða. Varamenn voru ekki tilnefndir.

16. Önnur mál

Guðný sagði frá tjóninu að Hóli og þeirri vinnu sem því tjóni fylgdi. Tengingangurinn var illa farinn fyrir brunanna svo hann var ekki bættur nema sem því nam. Stjórnin hefur skuldsett sambandið upp að 5.000.000 kr. og er ekki tilbúin að fara í frekari skuldsetningu. Hún sagði frá góðu samstarfi við sveitarfélagið varðandi Aladín og yfirtöku sveitarfélagsins á því félagi. Því spurði Guðný aðildarfélögin hvað þau vildu gera við Hól. Gjafabréfinu fylgdi sú kvöð að sé Hóll ekki notaður af íþróttahreyfngunni þá fari eignir Hóls til sveitarfélagsins en ekki skuldir Hóls. Vildu þingfulltrúar fara í þá vinnu að breyta gjafabréfinu og selja síðan Hól eða að afhenda hreinlega sveitarfélaginu Hól.

Guðrún Árnadóttir frá Snerpu tók til máls. Hún sagði frá sögu Hóls og að í raun hafi ekkert mátt gera við Hól. Í dag er Hóll að hennar mati kraftaverk. Hún óskar eftir svörum frá bæjarstjórn um þeirra afstöðu til Hóls.

Óskar Þórðarson frá KF vildi taka upp tvö atriði. Annars vegar salernisaðstöðu að Hóli en KF er með um 80 krakka í knattspyrnuskóla og sama á Pæjumóti. KF þarf að nota aðstöðuna að Hóli og skiptir hún félagið máli. KF er með lausan búningasamning í haust og hvetur hann UÍF til að vera leiðandi í að aðildarfélögin fari í búningarmál saman. Ástæðan er minni kostnaður fyrir foreldra. Þá geta iðkendur samnýtt búningana s.s æfingagalla. Hvetur UÍF til að taka þetta upp sem fyrst þannig að ganga megi í búningakaup á haustmánuðum.

Guðný tók aftur til máls og vísaði til búningakaupa tillögu KF. Hún taldi að það þyrfti að skoða sameiginleg búningakaup. Hún lagði til að KF myndi skrifa bréf til stjórnar UÍF og hún myndi taka málið upp. Einnig sagði hún frá því að fræðslu-og frístundanefnd væri að vinna í því að UÍF myndi sjá um úthlutun á öllu því fjármagni sem sveitarfélagið

veitir til íþróttamála. Búningamálin gætu fallið vel þar undir. Aðildarfélögin koma til með að koma að vinnu UÍF með sveitarfélaginu. Hvað Hól varðar þá er nauðsynlegt að Hóll fái viðurkenningu innan sveitarfélagsins. Þingið sammála um að álykta um Hól og senda bæjarstjórn. Stjórn UÍF mun framfylgja þeirri ályktun gagnvart bæjarstjórn.

Guðný ræddi einnig Verkefnasjóð og að stjórn UÍF hefði í tilefni afmælis ákveðið að færa hverju aðildarfélagi 80.000 kr. að gjöf til byrjendastarfs. Stjórn UÍF óskar síðan eftir að hvert aðildarfélag sendi skýrslu um ráðstöfun upphæðarinnar.

Guðný tók að lokum til máls og þakkaði fyrir gott þing. Hún þakkaði stjórninni sérstaklega fyrir samstarfið og sagði frá undirbúningi við fyrirmyndarhéraðssamband og vinnu aðildarfélaganna við að gerast fyrirmyndarfélög. Guðný sagði frá tölu Sævars við val á íþróttamanni Fjallabyggðar og hvatti sem flesta til að koma og hlíða á hann. Hún sagði frá samstarfi KF við Dalvík og hugsanlega komi til frekara samstarfs. Hún þakkaði traustið og sagði að störf hennar fyrir íþróttahreyfinguna hafi verið mjög gefandi. Málefni sé þó sterkt og samskiptin við gefandi og skemmtilegt fólk. Guðný sleit síðan 5. ársþingi UÍF.

Ársþingi UÍF var slitið kl. 20:36.

Þingfulltrúar:

Golfklúbbur Siglufjarðar: Arnar Freyr Þrastarson og Ragnildur Ragnarsdóttir

Hestamannafélagið Glæsir:

Tennis- og badmintonfélag Siglufjarðar: María Jóhannsdóttir, Sigurður Steingrímsson og Bjarni Árnason

Skíðafélag Ólafsfjarðar: Einar Númason og Svava Jónsdóttir

Ungmennafélagið Glói: Patrekur Þórarinsson og

Íþróttafélagið Snerpa: Helga Hermannsdóttir og Guðrún Árnadóttir

Skíðafélag Siglufjarðar Skíðaborg: Þorgeir Bjarnason og Guðrún Sif Guðbrandsdóttir

Golfklúbbur Ólafsfjarðar: Rósa Jónsdóttir og Björg Traustadóttir

KF: Óskar Þórðarson, Dagný Finnsdóttir, Júlía G. Poulsen, Heiðar Gunnólfsson og Steinar Svavarsson

Hestamannafélagið Gnýfari: Þorvaldur Hreinsson

Vélsleðaklúbbur Ólafsfjarðar: Ásgeir Frímansson

Skotfélagi Ólafsfjarðar: Ármann Sigurðsson

Stjórn UÍF; Guðný Helgadóttir, Sigurður Gunnarsson, Sigurpáll Gunnarsson, Þórarinn Hannesson.

ÍSí: Friðrik Einarsson

UMFÍ: Sæmundur Runólfsson